

## Landsfundur LEB 2024 haldinn á Hótel Reykjavík Natura, 14. maí 2024

### Velkomin!

Sigurður Ágúst Sigurðsson, formaður Félegs eldri borgara í Reykjavík og nágrennis, býður landfundarfulltrúa velkomna með nokkrum orðum.

### Setning Landsfundar

Helgi Pétursson formaður LEB, hvatti fundarmenn til að nota þennan dag til að skerpa á áherslum, næg eru verkefni framundan.

### Hugvekja

Óttar Guðmundsson geðlæknir flutti erindi og fjallaði m.a. um vinnuhjúaskildaga og lög um vistabönd sem voru í fullu gildi og fólki meinað að flytja út fyrir fæðingarhrepp sinn. Erfitt núna að ímynda sér breytingarnar sem orðið hafa síðan. Óttar talaði um gamalt fólk í Íslendingasögum m.a. Egil Skallagrímsson afa sinn og Gretti Ásmundarson. Einnig fengu Sturlungar umfjöllun og allar tengdust sögur þessar að einhverju leyti gömlu fólki í gamansömum tóni þó. Óttar nefndi leiða sem hrjáir gamalt fólk og það sé vegna þess að það hefur ekki nóg að gera. Við eigum bara þetta eina líf og erum ábyrg fyrir því. Njóttum þess!

### Niðurstaða kjörbréfanefndar – Formaður nefndarinnar

Oddný Árnadóttir, skrifstofu- og markaðsstjóri LEB tilkynnti að 145 atkvæðisbærir fulltrúar væru á fundinum, sem er met. Oddný sagði lítillega frá sér þar sem hún er ný í starfi.

### Kosning starfsmanna fundarins – formaður LEB

- kosning tveggja fundarstjóra – Magnús J Magnússon form. eldri borgara Selfossi og Ásgerður Pálsdóttir form. eldri borgara í Húnabyggð.
- kosning tveggja fundarritara: aðeins einn fundarritari kosinn – Stefanía Valgeirsdóttir (FEB).

### Skýrsla stjórnar – formaður LEB

Helgi sagði frá því að KPMG hafi verið fengið til að rannsaka og semja skýrslu um hverju eldra fólk skilar til samfélagsins á móti því sem það fær. Í ljós kom að eldra fólk er ekki byrði, heldur virði og á skilið að eiga áhyggjulaust ævkvöld. KPMG kynnti mælaborð – Gott að eldast. Troðfullt var út úr dyrum á málþingi LEB um málefni eldra fólks í október s.l., 20 þúsund manns lifa rétt við eða undir framfærslulágmarki, ekki eiga allir eldri borgarar rétt á lífeyrisgreiðslum og margir hafa það skítt. LEB hefur hvatt verkalyðshreyfinguna til samstarfs en lífskjarasamningar voru undirritaðir án þess að minnst væri einu orði á kjör eldri borgara. LEB vill að eldri borgarar hafi sveigjanleika til að starfa eins lengi og þeir kjósa án skerðingar

á kjörum. Búum eldra fólki áhyggjulaust ævikvöld, koma þarf á millistigi frá heimili til hjúkrunarheimila. Formaður ræddi síðan um stefnumál stjórnmalalokkanna í málefnum eldri borgara sem hljóma afar vel en við spyrjum: Af hverju er ekkert af þessu komið til framkvæmda? Hvað er nú til ráða? Hvernig getum við ýtt þessum málum áfram? Allan kraft vantar í að fá ráðamenn til að starfa með okkur.

Drífa Sigfúsdóttir varaformaður LEB sagði nokkur orð og meðal annars um samstarf okkar við Norðurlönd. Tannlæknþjónusta er kostnaðarsöm og víða á Norðurlöndum hefur eldra fólk ekki efni á að leita til tannlæknis. Hún og formaður LEB fóru í heimsóknir til að skoða íbúðir ætlaðar eldri borgurum. Margir eldri borgarar verða fyrir netsvikum og hafa tapað stórum fjárhæðum. Við gætum lært margt af öðrum Norðurlöndum varðandi þjónustu við eldri borgara. Leggjum meiri áherslu á að tala við fólkið sem er að komast á aldur og kynna fyrir þeim það sem í boði er. Af hverju er ekki fjallað um eldra fólk í fréttum og stöðu þess?

- Umræður um skýrslu stjórnar

### Ársreikningur yfirfarinn – gjaldkeri LEB

Sigrún C. Halldórsdóttir lagði fram ársreikning LEB 2023 og útskýrði að tekjur umfram gjöld hafa hækkað talsvert. Helsta skýring á því er að aðildargjöldin voru hækkuð en einnig að styrkur frá hinu opinbera hækkaði um 4 milljónir þar sem nú fáum við rekstrarstyrk en áður var þetta aðallaega styrkir til einstakra verkefna.

Helstu tölur eru þannig:

Rekstrartekjur – 46.835.331

Rekstrargjöld – 36.741.728

Hagnaður fyrir fjármagnsliði – 10.093.603

- Úlfhildur Rögnvaldsdóttir frá Akureyri. Athugasemd við rekstrargjöld og háan póstkostnað
- Ari Jónsson frá félagi eldri Hornfirðinga. Útgáfan á blaðinu, er ekki ástæða til að hætta pappírsútgáfu og hafa blaðið eingöngu á netinu?
- Valgerður Sigurðardóttir frá FEB í Hafnarfirði, talaði um burðargjöldin sem hafa verið afar há. En á sínum tíma var hluti burðargjalda endurgreiddur því blaðið barst ekki til allra. Leggur áherslu á að senda blaðið rafrænt og safna netföngum félagsmanna.
- Björn Snæbjörnsson frá FEB Akureyri, talaði um kjaramálin og var einn af þeim sem tók þátt í lífskjarasamningunum. Fyrir 10-15 árum slitnaði sambandið við verkalýðshreyfinguna því stjórnendur LEB þóttust geta sjálfir samið um sín mál. Allt of lítið heyrir í Landssambandi eldri borgara – við getum barist fyrir kröfum okkar og ekki gefist upp, halda mönnum við efnið. Þetta er komið inn í stefnuskrá flokkana, látum þá standa við loforð sín. Berjumst fyrir rétti okkar.
- Þorsteinn gjaldkeri frá FEB í Morfellsbæ, spurði um framlög hins opinbera til LEB: er upphæðin eyrnamerkt sérstöku verkefni? Hvar er getið kostnaðar við afsláttarbókina? Hætta útgáfu blaðsins í pappírsformi og hafa það rafrænt. Af hverju styrkir LEB Félagsstarf erlendra innflytjenda?
- Anna frá FEB Garðabæ, gerði athugasemd við óráðstafað styrktarfé. Félagið hefur verið að taka upp rafræn samskipti gegnum t.d. tölvupóst og Sportabler forritið. Hún

kom einnig að því að senda blað FEB úr rafrænt og að gera gangskör í því að safna netföngum félagsmanna.

- Drífa Sigfúsdóttir, varaformaður LEB – nauðsynlegt að ná betra sambandi við félögin og þau veri dugleg að hafa samband við stjórnina. Þá að blaði LEB, margir vilja fá það afhent á pappír, finnst það eina snertingin við LEB. Hugmynd um að gera afsláttarbókina rafræna, myndi spara háar upphæðir. Einnig nefndi hún að það mætti bæta „aðgengi“ fyrir erlenda innflytjendur með því að hafa upplýsingar á fleiri tungumálum en íslensku. Þakkaði síðan gjaldkera, Sigrúnu fyrir hennar störf.
- Þorsteinn í Mos kom aftur í pontu og spurði um sölu auglýsinga í blað LEB.
- Sigrún gjaldkeri LEB kom í pontu og svaraði fyrirspurnum og athugasemdum fundarmanna, sagði að burðargjöld væru til skoðunar og talaði um að fara ætti í útboð á póstdreifingu. Félagið er ekki á fjárlögum og framlög frá hinu opinbera 15 milljónir eru til rekstrar. Umræða hefur verið um að þýða heimasíðuna á önnur mál t.d. pólsku. Ekki er mikill ágangur á skrifstofu LEB. Samskiptin þurfa að virka í báðar áttir. Vel kemur til greina að styrkja félögin til að halda tölvunámskeið.

### Ársreikningar - afgreiðsla

Eftir miklar og góðar umræður voru ársreikningar samþykktir samhljóða. Bent er á að ársreikningar verða aðgengilegir á heimasíðu LEB.

**Drög að fjárhagsáætlun** – gjaldkeri LEB – Sigrún C. Halldórsdóttir, fór yfir fjárhagsáætlun LEB fyrir 2024 rekstrartekjur kr. 48.000.000,- rekstrargjöld kr. 47.000.000,- Fjárhagsstaðan í maí 2024 96.200.000,-

Tillaga um árgjald – gjaldkeri LEB

- Afgreiðsla tillögu um árgjald: Stjórn LEB leggur fram tillögu um að árgjaldið haldist óbreytt (kr. 900) og samþykkti fundurinn það.

Ásgerður Pálsdóttir FEB í Húnaþingi vildi koma því að, að félögin ættu eingöngu að greiða skatt til LEB fyrir skilvísa félagsmenn, ekki þá sem skulda aðildargjöld. Gjaldkeri svaraði því til að skv. lögum félagsins er reglan að greitt skuli fyrir alla félagsmenn.

### Tillögur og ályktanir kynntar

Kynning málefnanefnda landsfundarins

**Kjaranefnd** – Þorbjörn Guðmundsson. Mikilvægt að gera sér grein fyrir því að ósk um fundi var send til þriggja ráðherra, í aðdraganda kjarasamninga á almennum vinnumarkaði þ.e. fyrrv. forsætis-, fjármála- og innviðaráðherra. Engin viðbrögð komu frá ráðherrunum við óskum LEB um fundi önnur en þau að dagskrá innviðaráðherra væri mjög ásetin. Í samtölum sem verkalýðshreyfingin átti við ríkisstjórnina um málefni eldra fólks voru svörin þau að ríkisstjórnin ætti eftir að eiga samtál við samtök eldri borgara um kjaramál.

Þorbjörn gerði lauslega grein fyrir drögum að ályktun um kjaramál og eru þau hugsuð þannig að gera upp fortíðina og hugsa til framtíðar. Þar er m.a. lýst yfir miklum vonbrigðum með að samtal við verkálýðshreyfinguna um að taka á málefnum eldri borgara í tengslum við gerð kjarasamninga skyldi ekki ná fram að ganga.

- Megin krafan var að taka á málum þeirra verst settu
- Hækka almennt frítækjumark í kr. 100 þúsund í áföngum
- Gripið verði til sértækra aðgerða til að bæta kjör þeirra verst settu.
- Frítækjumark fjármagnstekna gildi einnig gagnvart almannatryggingum.

**Húsnæðismál** – Ingibjörg Sverrisdóttir í stjórn LEB. Ingibjörg Sverrisdóttir kynnti að hún verður með erindi í öðru herbergi á eftir um húsnæðismál eldri borgara og tók saman kostnað við það að búa í lífsgæðakjarna og mun kynna það á eftir.

Bent er á að ályktanir landsfundar, eins og þær verða samþykktar á fundinum, verða báðar birtar í heild sinni á heimasíðu LEB.

## Hádegisverður

### Starf málefnaþópa

- **Kjaramál** – stjórnandi Þorbjörn Guðmundsson. Drög um ályktun um kjaramál, látum ekki hunska okkur, hefjum gagnsókn. Menn tjáðu sig um að þessi drög væru gamalt mál en ekki horft til framtíðar,

Tillaga kom frá Jóni í FEB í Rangárvallasýslu um að eldri borgarar sameinist og hópist á kjörstað kl. 12 og skili auðu til að vekja athygli á málum okkar.

Kári Jónasson FEB Reykjavík tók til máls, hvernig ætlum við að fylgja þessum kröfum eftir. Lagði til að haldinn verði fundur í Laugardalshöll í haust, þar krafa um bætt kjör eldri borgara aðalatriðið. Leggja áherslu á að tala við Samtök launafólks og krefjast bættra kjara fyrir okkur. Eftir sjötugt verðum við ódýrt vinnuafli þar sem þeir sem kjósa að vinna áfram greiða ekki í lífeyrissjóð. Er hægt að stofna séreignalífeyrissjóð t.d.

Sigríður Ólafsdóttir FEB Reykjavík, kom með tillögu um að bæta við ályktunina að þegar kemur að næstu alþingiskosningum verða eldri borgarar orðnir 60 þúsund.

Hákon Hákonarson FEB Akureyri: Eitt stendur uppúr, stjórn LEB hefur ekki tekist að ná fram kröfum okkar hjá stjórnvöldum, þarf ekki að breyta aðferðum við kröfugerð? Setja í lög að LEB eigi lögbundinn rétt um samtal við ráðherra tvisvar á ári um málefni eldri borgara. Tökum skarpa umræðu um það af hverju okkur hefur ekki tekist að ná fram kröfum okkar, hvernig getum við breytt aðferðum okkar, finnum leið til þess.

Ari Jónsson FEB Hornafirði: Ekki sammála tillögu sem kom frá Jóni í FEB í Rangárvallasýslu um að eldri borgarar hópist á kjörstað kl. 12 og skili auðu til að vekja athygli á málum okkar. Tillögu Jóns verður vísað áfram til stjórnar. Síðan las hann úr blaðagrein Björns Leví Traustasonar um skerðingu á greiðslum til eldri borgara. Við eigum ekki að taka ábyrgð á

rekstri ríkisstjóðs, við þurfum að brjóta kerfið upp, varðandi lífeyrissjóð þá fær Ari 70 kr. minna úr lífeyrissjóði sínum eftir skerðingu en sá sem fær ekki greiðslur úr lífeyrissjóði.

Kolbeinn frá FEB í Hafnarfirði: Til að ná árangri væri rétt hjá LEB að fara fram á viðræður við alla pólitíska flokka og fá fram svör við því hvað flokkarnir hyggjast gera í málefnum eldri borgara. Fyrstu 200 þúsund krónurnar eiga að vera óháðar skerðingu.

Sigurbjörg Gísladóttir FEB Reykjavík, hefur starfað lengi í kjaranefnd og ekkert hefur gerst í málum eldri borgara þrátt fyrir kröfur. Breyta þarf lögum um almannatryggingar svo að skerðing verði tekin út eða minnkuð.

Þorbjörn lagði til að ályktun yrði styttn þannig að fyrri hluti hennar yrði tekinn út.

Björn hjá FEB Akureyri studdi styttni tillögu að ályktun og hafa önnur skjöl á bakvið.

Samþykkt að yfirskriftin verði „Látum ekki hunsa okkur“

Formaður LEB lagði til að menn fylgist með stjórnmalaflokkum og stefnumálum þeirra og hafa í huga að kjósa þá flokka sem vilja okkur vel.

Ólafur Jónsson? – minnti menn á að iðnfyrirtæki mótmæltu stefnu stjórnvalda á sínum tíma, nú búum við við lægsta gengi krónunnar. Leggur til að þessi fundur láti rannsaka hvernig lífeyrissjóðir okkar standa nú miðað við hvernig staðan var fyrir hrún.

Formaður FEB Vík í Mýrdal talaði um að tillaga Jóns á Rangárvöllum gæti flokkast sem áróður á kjörstað.

Fleira ekki rætt undir þessum lið og Þorbjörn sleit umræðum.

**-Húsnæðismál** – Ingibjörg Sverrisdóttir, fór fram í öðru herbergi en ályktun kom til samþykktar frá þeim fundi og er fylgiskjal með fundargerð.

## **Afgreiðsla mála, tillagna og ályktana**

Fundarstjóri las tillögur fundarins til stjórnvalda, og voru þær samþykktar og verða birtar á heimasíðu LEB eftir landsfundinn.

## **Kosningar**

Kosning 2ja aðalmanna í stjórn til 2ja ára:

143 atkvæði voru gild– 1 atkvæði ógilt.

128 atkvæði hlaut Sigrún Camilla Halldórsdóttir.

100 atkvæði hlaut Þóra Hjaltadóttir.

56 atkvæði hlaut Sigurður Ágúst Sigurðsson.

Þær Sigrún Camilla Halldórsdóttir og Þóra Hjaltadóttir voru því kosnar sem aðalmenn.

Sigurður Ágúst er formaður FEB í Reykjavík, honum var boðið sæti varamanns til eins árs en gaf ekki kost á sér.

Varamenn til eins árs eru því - Magnús Jóhannes Magnússon Selfossi, Margrét Halldórsdóttir Kópavogi og Ásgerður Pálsdóttir Húnabyggð.

Skoðurnarmenn reikning; Hildigunnur Hlíðar og Sverrir Örn Kaaber.

Varamenn Karl Guðmundsson og Sigríður Ásta Hallgrímsdóttir.

### **Bjartur lífsstíll – Heilsuefling eldra fólks**

Ásgerður Guðmundsdóttir og Margrét Regína Grétarsdóttir verkefnastjórar heilsueflingar eldra fólks, LEB og ÍSÍ, kynntu verkefnið sem er styrkt af Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu og Menntamálaráðuneytinu. Félegsmálastjórar á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga eru tengiliðir verkefnisins.

### **Kaffihlé**

#### **Ofbeldi gegn öldruðum**

Hjördís Garðarsdóttir, fræðslustýra 112. Talaði um ofbeldi gegn öldruðum og birtingarmynd þess, hvernig hægt er að útrýma þessu meini sem er svartur blettur á samfélagi okkar.

#### **Verklagsreglur sýslumanns við lögbókandavottun erfðaskrár**

Ásdís Halla Arnardóttir, sviðsstjóri hjá sýslumanninum í Rvk. flutti erindi.

#### **Gott að eldast – staða verkefnis**

Berglind Magnúsdóttir, verkefnastjóri *Gott að eldast* sagði frá verkefninu. Allar upplýsingar eru á vefsíðunni [gottadeldast.is](http://gottadeldast.is)

#### **Önnur mál**

Svanhildur Pálsdóttir FEB Snæfellsbæ, Stykkishólmi sagði frá 500 m<sup>2</sup> húsnæði sem félaginu var fært að gjöf frá sveitarfélaginu. Gefandinn borgar þrif, rafmagn og hita, allt viðhald. Aðstoðaði við að útvega húsgögn. Þarna er unnið í gler, skorið í tré og margt annað.

Einar Sveinn Ólafsson frá FEB í Grundarfirði. Talaði um að það væri gott að eldast. Þarf að hægja á öllu samfélaginu til að við getum betur notið lífsins. Gera á mynd um Grundarfjörð sem er yngsta þorp landsins. Vera með hljóðvarp og sögumenn á netinu, gott fyrir þá sem á eftir okkur koma að kynnast sveitinni sinni.

Gylfi Ingvason frá FEB í Hafnarfirði. Öldungaráðið í Hafnarfirði er elsta öldungarráð í landinu. FEB í Hafnarfirði á formann öldungaráðsins. Sagði frá verkefninu Brúkum bekkji, þá er

bekkjum komið fyrir á ca. 200 – 300 metra millibili til að tengja saman gönguleiðir í bænum. Þetta nýtist eldra göngufólki vel.

Áskell Þórisson FEB í Hvalfjarðarsveit. LEB þarf að eiga sér áróðurshóp eða þrýstingshóp einhvers konar til að koma málum eldri borgara á framfæri. Þurfum að breyta baráttuaðferðum, við þurfum beittari verkfæri og hætta að vera kurteis gamalmenni. Stjórnin myndi einhvers konar PR hóp.

Ásgerður Pálsdóttir Húnabyggð vill fjölfalda bæjarstjórnann í Stykkishólmi svo fleiri geti notið góðsemi hans og gjafmildi.

Regína Sigurðardóttir frá FEB Húsavík, bað um að fá að sjá stjórn LEB svo hún geti þekkt andlitin. Stjórnin stóð upp og varð sýnileg fundarmönnum.

Fundarstjóri þakkaði fundarmönnum og starfsmönnum vel unnin störf.

Formaður LEB þakkaði fyrir fundinn og sagðist hafa fundið fyrir bjartsýni og gleði innan hópsins. Færði öllum sem komu að framkvæmd hans góðar þakkir.

**Fundi slitið kl. 16.45**